



Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti
Skuggasundi

150 Reykjavík

B.t. Dómsmála- og mannréttindaráðherra

30. júní 2010

Efni: Ósk um að ráðherra beiti sér fyrir hraðri úrlausn dómstóla á málum er tengjast gengistryggingu fjárskuldbindinga

Samtök atvinnulífsins fara þess hér með á leit við dómsmála- og mannréttindaráðherra að beita sér fyrir því að mál, er tengjast úrlausn þeirra álitamála sem komu upp með því að gengistrygging fjárskuldbindinga í íslenskum krónum var dæmd ólögmæt af Hæstarétti Íslands þann 16. júní sl., fái sérstaka flýtimeðferð í dómkerfinu.

Veruleg réttaróvissa hefur skapast með dómunum og óvissa um afleiðingar þeirra. Nær hún m.a. til þess hversu víðtæk áhrif dómarnir hafa gagnvart erlendum lánum, hvernig skuli fara með skuldbindingar sem greitt hefur verið af um hríð með hinni ólögmætu gengistryggingu og hvernig skuli fara með fjárskuldbindingar sem þegar hafa að fullu verið greiddar. Auk þess eru skiptar skoðanir um við hvaða vexti skuli miða í fjárskuldbindingum með ólögmæta gengistryggingu.

Talið er að dómar Hæstaréttar geti haft veruleg áhrif á efnahag fjármálafyrirtækja og eftir atvikum getu þeirra til að þjónusta atvinnulíf og einstaklinga til frambúðar. Eins skiptir verulegu mál fyrir lántaka að fá úr því skorið sem fyrst við hvaða vexti skuli miða og hvernig skuli fara með það sem þegar hefur verið greitt. Þar er bæði um að ræða fjölmörg fyrirtæki og fjölda einstaklinga.

Hér er því um gríðarlegt hagsmunamál að ræða og nauðsynlegt að dómstólar úrskurði hratt og örugglega um þau mál sem til þeirra kasta koma. Því er nauðsynlegt að beitt verði öllum tiltækum aðferðum til að tryggja hraða úrlausn málanna.

Það er alls ekki unnt að una við að mál sem þessu tengjast dragist í eitt eða fleiri misseri. Það er brýn nauðsyn að úr helstu álitamálum verði skorið á næstu tveimur til þremur mánuðum. Lengur má það ekki dragast.

Samtök atvinnulífsins óska hér með eftir fundi með ráðherra sem fyrst til að ræða þessi mál.

Virðingarfyllst,

Vilmundur Jónsson,
formaður

Vilhjálmur Egilsson,
framkvæmdastjóri